

---

# 1. Fundargerð stjórnar Hundaræktarfélags Íslands starfsárið 2020 - 2021

Fimmtudaginn 20. ágúst kl. 18:00 var haldinn annar fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, en fyrsti fundur stjórnar var haldinn með sýningastjórn og fjallaði eingöngu um ágústsýningarnar, ekki var rituð fundargerð á þeim fundi.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir auk varamanna Önnu Guðjónsdóttur og Guðna B. Guðnasonar.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Guðbjörg Guðmundsdóttir ritaði fundinn.

## Dagskrá:

### 1. Verkaskipting stjórnar

Rætt hvort stjórn skipi gjaldkera þetta starfsárið og tekin sú ákvörðun að skipa einungis ritara og varaformann

Ný stjórn skiptir með sér verkum fyrir starfsárið með eftirfarandi hætti:

- ✓ Herdís Hallmarsdóttir formaður, kosin sérstaklega á aðalfundi
- ✓ Auður Sif Sigurgeirsdóttir varaformaður
- ✓ Guðbjörg Guðmundsdóttir ritari
- ✓ Heiðar Sveinsson meðstjórnandi
- ✓ Svava Björk Ásgeirsdóttir meðstjórnandi
- ✓ Anna Guðjónsdóttir og Guðni B. Guðnason eru varamenn.

### 2. Skipað í nefndir

Samkvæmt 11. gr. laga HRFÍ, lið g. í kafla IV. skal stjórn HRFÍ skipa í fastanefndir og setja þeim starfsreglur. Stjórn HRFÍ getur skipað í nefndir og vinnuhópa, bæði úr eigin hópi og utan, til þess að sjá um ákveðin mál stjórnar.

Nefndir félagsins eru nú þannig skipaðar:

Sýningastjórn:

- ✓ Daníel Örn Hinriksson

- ✓ Erna Sigríður Ómarsdóttir
- ✓ Lilja Dóra Halldórsdóttir
- ✓ Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður
- ✓ Sóley Halla Möller varamaður

Anna Guðjónsdóttir varamaður

Sýninganefnd:

- ✓ Anna María Ingvarsdóttir – Smáhundadeild
- ✓ Kristjana Bergsteinsdóttir - Schäferdeild
- ✓ Óli Þór Árnason – Retrieverdeild

Leitað verður eftir fulltrúum allra deilda félagsins til starfa í nefndinni.

Skólanefnd:

- ✓ Anna Birna Björnsdóttir
  - ✓ Svava Björk Ásgeirsdóttir
  - ✓ Valgerður Júlíusdóttir – fulltrúi hundaskóla HRFÍ
- Vísindanefnd:
- ✓ Erla Heiðrún Benediktsdóttir
  - ✓ Kristín Elíza Guðmundsdóttir
  - ✓ Klara Símonardóttir
  - ✓ Silja Unnarsdóttir
  - ✓ Unnur Olga Ingvarsdóttir

Ræktunar- og staðlanefnd:

- ✓ Anna D. Hermannsdóttir
- ✓ Erna Sigríður Ómarsdóttir
- ✓ Herdís Hallmarsdóttir
- ✓ Klara Símonardóttir
- ✓ Lilja Dóra Halldórsdóttir

Laganefnd:

- ✓ Jónas Fr. Jónsson
- ✓ Svanhildur Skúladóttir
- ✓ Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

Sólheimakotsnefnd:

- ✓ Atli Ómarsson
- ✓ Guðbjörg Guðmundsdóttir
- ✓ Pétur Alan Guðmundsson
- ✓ Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir

### **3. Stefnunarmótunarvinna stjórnar og framkvæmdastjóra**

Guðni B. Guðnason leiddi stefnunarmótunarvinnu stjórnar og framkvæmdastjóra þar sem aðaláherslur næsta starfsárs voru ákvarðaðar og settar í hendur ábyrgðaraðila um framkvæmdir.

### **4. Umsókn um veiðipróf Svæðafélags Norðurlands fyrir standandi fuglahunda**

Komin er inn umsókn ásamt kostnaðaráætlun fyrir próf sem áætlað er að halda norðan heiða helgina 5. og 6. september næstkomandi. Nokkuð aðkallandi er að afgreiða umsóknina þar sem stutt er í próf, en umsóknin liggur til umsagnar hjá veiðiprófanefnd og ýtt verður á þeirra umsögn.

### **5. Veiting dómara réttinda**

Tilkynning barst frá dómara nefnd veiðiprófsdómara í tegundahópi 7 um að Unnur A. Unnsteinsdóttir hafi staðist próf sem dómari í sækiprófum fyrir standandi fuglahunda og mælir dómara nefnd með því að henni verði veitt dómara réttindi. Stjórn er sammála um að veita Unni dómara réttindi og fagnar nýjum dómara félagsins.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi var slitið kl. 20:20

Næsti fundur var ákveðinn fimmtudaginn 10. September